

STJÓRNARTÍÐINDI A 21 – 1996

Nr. 121

402

8. nóvember 1996

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Friðrik Sophusson fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra um stundarsakir, en í fjarveru hans Halldór Blöndal samgönguráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 8. nóvember 1996.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 122

13. desember 1996

LÖG

**um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,
nr. 4/1995, og lögum nr. 79/1996,
um breytingu á þeim lögum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „að undanteknum“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: sumarhúsum og.
- b. Á eftir orðunum „í dreifbýli“ í 5. mgr. kemur: og sumarhús.

2. gr.

Í stað „0,74%“ í 1. gr. laga nr. 79/1996, um breytingu á 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, kemur: 0,77%.